

KJARVAL

Bautabúrs grisagúllas
40% afsláttur
998 kr./kg

Hagkvæmt í heimabyggð

 <p>40% afsláttur Móa kjúklingafile 1799 kr./kg</p>	 <p>Goða súpukjöt 648 kr./kg</p>	 <p>20% afsláttur Bautabúrs skinka 219 kr./pk.</p>	
 <p>Brazzi 3 tegundir 1 l 119 kr./stk.</p>	 <p>Allra salernisrúllur 12 stk. 599 kr./pk.</p>	 <p>Braudostur 20% afsláttur 199 kr./pk.</p>	 <p>Frón kex 20% meira, 3 teg. 199 kr./pk.</p>
 <p>Sodastream tæki 11990 kr./stk.</p>	 <p>Egils Kristall mexican lime 2l 169 kr./stk.</p>	 <p>Mylu heilhevitbrauð 199 kr./pk.</p>	 <p>Multivit. ávaxtasafi 250 ml 49 kr./stk.</p>

Klaustur: Sími: 487 4616 | Vik: Sími: 487 1325 | Hvolsvöllur: Sími: 585 7590 | Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 | Hella: Sími: 585-7585

SJÁ OPUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð.

Verð á Klaustri 6. og 7. febrúar
laugardag og sunnudag

Áhugasamir pantið tíma í síma
587-2999
eða **866-0474**

Sigrún Inga



Þorablót á Klaustri

Um síðastliðna helgi var þorra blótað í Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri. Þar komu saman íbúar eystri hluta Skaftárhrepps ásamt sínum áhangendum. Um 220 manns voru við borðhaldið og nutu heimatilbúinna skemmtatriða þorablótsnefndar, sem lagt hafi nótt við dag til að gera atburðinn sem veglegastan. Var það mál manna að hópnun hefði tekist hreint með ágætum að sjá spaugilegu hliðar hversdagslífsins í sveitinni og núna sveitungum sínum upp úr ógleymdum glappaskotum. Að því loknu var stiginn dans fram á rauða nótt við undirleik hljómsveitarinnar Sólon. Miðaverð var kr. 5.500.-

IE

SAMHERJAR

FÉLAG ELDRI BORGARA

Í MÝRDAL OG A-EYJAFJÖLLUM

Af óviðráðanlegum orsökum fellur niður fundur sem átti að vera föstudaginn 5. febrúar

Næsti fundur verður 5. mars sem er Aðalfundur Stjórnin


Óska eftir

eldri gerð af Range Rover sjálfskiptum með diselvél
uppl. í 899 6125

Margan hendir manninn hér, meðan lífs er taflíð þreytt, að hampa því sem ekkert er og aldrei hefur verið neitt.
Höf: Þorsteinn Magnússon frá Gilhaga

SMÁAUGLÝSINGAR

5. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 3. FEBRÚAR 2010



Dagur leikskólans

Þann 6. febrúar n.k. er dagur leikskólans, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín.

Þetta er þriðja árið í röð sem leikskólar halda daginn hátíðlegan. Daginn ber að þessu sinni upp á laugardag og munu leikskólakennarar fagna 60 ára afmæli félagsins þennan dag.

Í tilefni af degi leikskólans ætlum við í Suður-Vík að opna listasýningu í Arion banka mánudaginn 8. febrúar klukkan 14.00

Allir velkomnir.

Þorablót á Ketilsstöðum



Áður auglýst þorablót á Ketilsstöðum verður haldið laugardaginn 6. febrúar 2010.

Húsið opnar kl. 20.00
Borðhald hefst kl. 20.30

Vinsamlegast sækið pantaða miða
milli kl. 20.00 og 21.00
fimmtudagskvöldið 4. febrúar n.k.

Miðaverð kr. 5000.-



Skól og syngjum
Skaftfellingar.....

Þorranefndin

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Samantekt vikuna 25. janúar til 1. febrúar 2010
Alls voru 69 mál skráð hjá lögreglunni á Hvolsvelli. Þar af voru 8 ökumenn stöðvaðir fyrir að aka of hratt. Sá sem ók hraðast var á 131 km. hraða.

Í vikunni var fundað með vettvangsstjórn Almanna- og síðan björgunarsveitarmönnum í Vík í Mýrdal, Skaftártungu og síðan á Kirkjubæjarklaustri. Farið var yfir viðbragðs-áætlanir og rýmingar. Fyrirhugaðir eru fundir með íbúum á næstunni á þessum svæðum.

Fundað var með hestamönnum í Vík vegna aksturs fjórhjólanna við sjávarkambinn í Vík. Ákveðið að reyna að finna lausn á málinu. Þarna eru merkingar sem banna akstur allra vélknúinna ökutækja við garðinn að fjörunni.

Einn ökumaður var stöðvaður grunaður um að hafa ekið undir áhrifum áfengis og fær mál hans venjubundna afgreiðslu. Mikið eftirlit var með ölvunarakstri um helgina og þá í tengslum við þorablótin sem víða voru haldin í umdæminu. Þess má geta að Evidenzer sem er tæki til að fá strax niðurstöðu í vinnandamagn í ökumönnum hefur verið á Hvolsvelli en annað tæki var nú tekið í notkun í Vestur- Skaftafellssýslu. Þetta auðveldar mælinguna og er nú möguleiki að svipta ökumenn strax ökuleyfinu séu þeir yfir mörkum.

Margir ökumenn voru stöðvaðir í vikunni og kannað var með fíkniefnaneyslu. Enginn þeirra sýndi merki um neyslu fíkniefna. Engin svörun má vera til að ökumenn missi ekki réttindi sín. Fíkniefnahundur var með í för, en allt var jákvætt þ.e. að engin fíkniefni fundust.

Við erum því ánægðir með vikuna sem leið í okkar umdæmi.

Tekið saman af Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra.

Netverslunin - www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

Engin sendingarkostnaður innan Íslands
Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með.



Tilboðsvara Volare í febrúar á 20% afslætti

Easy shave fyrir karlmenn nr. 542

Kjörið fyrir viðkvæma og ertandi húð. Inniheldur vítamín E og Aloe vera gel til að næra húðina. Einstök blanda af olíum sem ver og smyr húðina og veldur því að raksturinn verður auðveldur og árangurinn frábær.

Easy shave fyrir konur nr. 541

Ert þú að leita að frábærri vöru sem virkar betur en allt annað sem þú hefur notað við rakstur? Ef þú vilt hafa "skínandi fætur" mun þér líka við þessa vöru. Sjö jurta rakkremið breytir sársauka í vellíðan. Njóttu nýrra aðferða við rakstur. Skilur eftir sig mjúka húð.

Fullt verð kr. 2.750.-
Tilboðsverð 20% afsláttur kr. 2.200.-

A DÖFINNI

03.02. Kötlusetur - kynningarfundur í Leikskálum kl. 20:00.

06.02. Íþróttaskóli barnanna 6 ára og yngri hefst að nýju í Íþróttahúsinu kl.10

Þorablót á Ketilsstöðum laugardaginn 6. febrúar 2010.

Aðalfundundur Félags sauðfjárbænda í V-Skaftafellssýslu í Herjólfstaðaskóla Álfstaveri miðvikudagskvöldið 3. febrúar nk kl. 20:30

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð á Klaustri 6. og 7. febrúar

Þrjónakaffið: Á Halldórskafti 4. feb.

Kötlusetur

Rannsókn- og fræðasetur - Menningarmiðstöð

Kynningarfundur um Kötlusetur verður haldinn miðvikudaginn 3. febrúar n.k. í félagsheimilinu Leikskálum í Vík og hefst kl. 20:00.

Dagskrá:

Sveinn Pálsson
Setning

Gísli Sverrir Árnason

Kötlusetur – samantekt og tillögur

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir

Geopark (Jarðminjagarður)

Steingerður Hreinsdóttir

Háskólafélag Suðurlands – Kötlusetur

Umræður

Allir eru velkomnir.

VSSV

VAXTARSAMNINGUR
SUÐURLANDS OG VESTMANNÆYJA



Myrdalshreppur



Menningarfélag um Brydebúð

Sunnudagaskólinn á Klaustri

Munið eftir sunnudagaskólanum, 7. febrúar
kl. 11.00 í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar.

Sóknarprestur

Grafarkirkja

Guðsþjónusta verður í Grafarkirkju sunnudaginn 7. febrúar kl. 14.00.

Fermingarbörn aðstoða við guðsþjónustuna
og Ásakórinn leiðir söng undir stjórn Brians Rogers Haroldssonar.

Sóknarprestur.



Myndir er Jónas Erlendsson tók sl. mánudag í Leikskálum í Vík, er Björgunarsveitin Víkverji í Vík gaf kvenfélagskonum í kvenf. Hvammshrepps, svuntur í afmælisgjöf. Tilefnið var 80 ára afmæli Kvenfélagssambands Íslands 1. febrúar og afmæli Kvenfélags Hvammshrepps en það var 90 ára 12. des. sl. Í tilefni alls þessa var opið hús í boði Kvenfélags Hvammshrepps í Leikskálum þar sem boðið var uppá kaffiveitingar.

Skaftárhreppsúar

Sjóðval um húsnæði leikskólans.

Frestur til að bjóða atkvæði á netinu er til föstudags 5. febrúar.

Lýðræðissetrið

Minnum á aðalfund

Félags sauðfjárbænda í Vestur-Skaftafellssýslu
sem verður haldinn í Herjólfsstaðaskóla Álftaveri
miðvikudagskvöldið 3. febrúar nk kl. 20:30

Á dagskrá er eftirfarandi:

Venjuleg aðalfundastörf

Sindri Sigurgeirsson formaður Landssamtaka
sauðfjárbænda mætir á fundinn.

Hann mun m.a. fara yfir störf stjórnar LS og
stöðu kindakjöts á markaði.

Önnur mál

Kaffiveitingar í boði félagsins.

Hvetjum sauðfjárbændur til að fjölmenna á fundinn.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin



Frá Sauðfjárræktarfélaginu Roði í Dyrhólahreppi

Stjórn Roða boðaði til fræðslufundur í
Ketilsstaðaskóla 12. janúar sl. um smit-
sjúkdóma í jórturdýrum. Tílefnið var m.a.
og ekki síst að birt hefur verið auglýsing frá
Matvælastofnun um að leggja af allar
varnalínur frá Markarfljóti að
Sandgýgjukvísl.

Erindi fluttu Sigurður Sigurðarson, fyrr.
Sérfræðingur sauðfjársjúkdóma. Þorsteinn
Ólafsson, dýralæknir, sem tók við embætti
Sigurðar, var boðaður einnig en tilkynnti
forföll. Góð mæting var á fundinum en á
hann mættu nær 20 manns víðsvegar að úr
V-Skaftafellssýslu.

Einróma vilji var á fundinum að viðhalda
öllum varnargirðingum í sýslunni og reyna
eftir mætti að verjast búfjársjúkdómum,
sem þekktir eru í dag og nýjum sjúkdómum,
sem kunna að berast til landsins.
Sérstaklega óttuðust menn þann darradár-
dans flutninga á búfé, sem þegar er að byrja.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt einróma
eftir miklar og góðar umræður:

Almennur fræðslufundur um smitsjúkdóma í jórturdýrum haldinn í Ketilsstaðaskóla 12. janúar 2010

Ályktar svohljóðandi:

Fundurinn krefst þess að þér hr.
Landbúnaðarráðherra afturkallið auglýsin-
gu Nr. 793/2009 þar sem gert er ráð fyrir að
leggja niður allar varnalínur frá Markarfljóti
að Sandgýgjukvísl. Krefst fundurinn að
allar varnalínur á þessu svæði verði virtar
og viðhaldið.

Átelur fundurinn þessa ákvörðun
Matvælastofnunar og Landbúnaðarráðu-
neytis harðlega og margir telja ólöglega og
slengt er yfir bændur án nokkurrar kyn-
ningar eða samráðs við Sauðfjábændafélag
V-Skaft. eða sauðfjárræktarfélagin, sem eru
alls sjö.

Þessi ákvörðun er þeim mun óskiljanlegri
vegna álits nefndar, sem landbúnaðar-
ráðherra skipaði í apríl 2005 og fjallaði um
endurskoðun á vörnum gegn búfjársjúk-
dómum, komst að þeirri niðurstöðu í megin
atriðum, að halda beri varalínur á þessu
svæði nær óbreyttum.

Í þessu hólfi eru eitthvað yfir 30 þúsund
fjár á vetrarfóðrum svo þarna eru gífurlegir
hagsmunir lagðir undir. Þá er ákvörðun um
niðurfellingu Ytri-Rangarlínu okkur and-
stæð, því það getur fært smitsjúkdóma nær
okkur, en sú lína er mjög kostnaðarlítill.

Við teljum að með þessari breytingum sé
aðföror gerð að landbúnaði í Vestur-
Skaftafellssýslu og er ærið nóg nú um
stundir að berjast við.

Við teljum fráleitt að leyfðir séu óheftir
flutningar búfjár um þetta svæði og geti það
haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Við tökum heilshugar undir setninguna í
áður nefndri skýrslu frá nefnd skipaðri 1.
apríl 2005 en hún er svo á bls. 48:

"Sóttvarnarsvæði eru þýðingamikil til að
stemma stigu við útbreiðslu þeirra
búfjársjúkdóma sem þekktir eru í dag og
eins berist nýir sjúkdómar til landsins"

Undir það tekur fundurinn heilshugar.

← Sjá greinargerð á næstu síðu fyrir framan

Greinargerð

Mikill og góður árangur hefur verið af lögum og reglugerðum um varnir gegn smitandi búfjárjúkdómum. Þar hafa varnarlínurnar skipt höfuðmáli og takmarkanir á flakki og flutningum búfjár milli varnarhólfa.

Við teljum að kostnaður við girðingar séu smáaurar hjá því sem er ef sýking verður á stóru svæði og framkvæma þarf niðurskurð. Vestur-Skaftafellssýsla hefur verið í gegnum tíðina fremur heilbriggt svæði. Þó barst mæðiveiki í Mýrdal og nokkur riðutilefelli voru í Mýrdal og Skaftártungu. Jökulsá varði sýsluna fyrir fjárkláða fyrr meir. Skorið var niður vegna mæðiveiki um 1950 og það er ekki von að fólk, sem er fætt eftir þann tíma hafi sama skilning á vörnum gegn búfjárjúkdómum og þeir sem eldri eru. Varnargirðingin vestan Jökulsár á Sólheimasandi er nýlega endurnýjuð og mun þurfa fremur lítið viðhald næstu 10-15 ár. Hversvegna að leggja hana niður?.

Það er fátítt í nútíma stjórnsýslu að ein stofnun geti ráðskast með hagsmuni og örlög heillar stéttar að vild. Ef lög nr. 25/1993 eru skilin og skilgreind þannig er þar mikilla breytinga þörf. Þá skal á það bent að hreppsnefnd Mýrdalshrepps mótmælti niðurfellingu varnalínu við Jökulsá á Sólheimasandi og varnalínu á Mýrdalssandi og benti jafnframt á gagnsemi þeirra til gróðurverndar og fjallskila og er það hið besta mál.

Í ályktun fundarins eru getið um að ýmsir telji að ekki hafi verið farið eftir lögum og reglugerðum við niðurfellingu vararlína. Mælir fundurinn eindregið með að óháður lögfræðiadili skeri úr um hvort svo sé.

Kyndilmessa

2. febrúar er kyndilmessa. Samkvæmt Mósælögum taldist kona óhrein í 40 daga eftir barnburð. Á kyndilmessu eru einmitt liðnir 40 dagar frá fæðingu Jesú og er því þessi dagur hreinsunardagur Maríu meyjar. Í þjóðtrúnni tengist kyndilmessa breytingum í veðurfari og til er vísa sem er nokkurs konar veðurspá. Vísan er svona:

Ef í heiði sólin sést
á sjálfa kyndilmessu
snjóa vænta máttu mest
maður upp frá þessu.

Annað afbrigði af vísunni er að síðasta orð fyrstu línunnar er „sest“ en ekki „sést“.

Kyndilmessa á Íslandi

Eftir siðaskipti lagðist hátíðin af eins og önnur Maríudýrkun en í kaþólskum sið og rétttrúnaðakirkjunni er ennþá haldið upp á daginn með ljósamessu. Á kyndilmessu er vetur hálfnaður en vetrarvertíð hófst áður fyrsta virka dag eftir kyndilmessu.

Vertíð er sá tími árs sem bændur og vinnumenn fóru í verstöð til fiskveiða. Á arabátöld voru vertíðir þrjár, sumarvertíð, vetrarvertíð og haustvertíð. Fiskigöngur réðu mestu um hvenær vertíð hófst. Þeir sem fóru í verið kölluðust vermenn. Verferðir milli heimilis og verstaðar voru oft löng ferðalög og á þeim fylgdu vermenn ákveðnum verleiðum sem mótast höfðu í aldanna rás.

Í verinu bjuggu vermenn í verbúðum. Vetrarvertíð var mikilvægasta vertíðin í íslenska bændasamfélaginu, á veturna var minni þörf fyrir vinnuframlag í sveitum og einmitt á þeim tíma voru fiskigöngur mestar á mið við Suður- og Vesturland. Þá héltu menn úr öðrum landshlutum til Suðurnesja, Breiðafjarðar og Vestfjarða. Vermenn lögðu af stað í verið á vetrarvertíð um miðjan janúar en ferðin gat tekið marga daga.

Úr Wikipediu, frjálsta alfræðiritinu

FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

455. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn miðvikudaginn 27. janúar 2010 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 25. fundar félagsmálanefndar frá 16. desember 2009.

Á fundinum var samþykkt að hækka grunnfjárhæð vegna fjárhagsaðstoðar í samræmi við hækkun neysluerðsvísitölu í 125.540,-.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og lítur þannig á að samþykkt erindis Rangárbings ytra varðandi afgreiðslu húsaleigubóta gildi einnig fyrir önnur sveitarfélög á starfsvæði nefndarinnar.

2. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 20. janúar 2010.

Fundargerðin samþykkt.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Guðna Páls Pálssonar f.h. nema í umhverfis- og byggingarverkfræðideild HÍ.

Samþykkt að kaupa auglýsingu í blað kr. 40.000,-

2. Bréf Klúbbsins Geysis dags. 15. desember 2009.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

3. Bréf Hrafnkels Birgissonar f.h. hönnuða Vík Prjónsdóttur dags. 20. janúar 2010.

Sótt er um styrk vegna kynningar verkefnisins erlendis á árinu.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

4. Bréf Sveins K. Rúnarssonar yfir-lögregluþjóns dags. 4. janúar 2010.

Sótt er um styrk vegna ferða á námskeið erlendis þar sem málefni almanna- og varnarnefnd fjalli um erindið og hafnar því að veita styrk.

Sveitarstjórn telur eðlilegt að almanna- og varnarnefnd fjalli um erindið og hafnar því að veita styrk.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Gatnagerðargjöld - bréf Víkurprjóns dags. 10. janúar 2010, bréf Mókletts hf. dags. 11. janúar 2010 og bréf Æsu Gísladóttur og Þráins Sigurðssonar dags. 12. janúar 2010.

Í öllum erindunum er farið fram á að álögð gatnagerðargjöld vegna við- og nýbygginga bréfrítara verði felld niður með tilvísun í 6. gr. samþykktar um gatnagerðargjald nr. 1347/2007.

Samkvæmt lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006 skal sveitarstjórn innheimta gatnagerðargjald af fasteignum í þéttbýli og skal verja gatnagerðargjaldi til gatnagerðar í sveitarfélaginu og til viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja. Ekki er heimilt skv. lögnum að mismuna lóðarhöfum eftir staðsetningu lóða eða ástandi gatna þó sérstakar lækkunarheimildir séu fyrir hendi við sérstakar aðstæður.

Fyrsta gjaldskrá/samþykkt Mýrdalshrepps um gatnagerðargjald var sett 12. maí 2005. Byggingar reistar fyrir þann tíma báru ekki gatnagerðargjald og var því kostnaður sveitarfélagsins af gatnagerð og viðhaldi gatna greiddur af almennum skatttekjum sveitarsjóðs.

Sveitarstjórn hafnar óskum um niðurfellingu gatnagerðargjalds. Sveitarstjóra falið að leiðrétta álagt gjald á þjónustuhús Norður-Vík í samræmi við 4. gr. laga um

gatnagerðargjald.

Þórhildur víkur af fundi.

2. Ketilsstaðaskóli - bréf Fjármála-ráðuneytis dags. 8. janúar 2010.

Með bréfinu felur ráðuneytið Ríkiskaupum að leita tilboða í og selja Ketilsstaðaskóla í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Mýrdals-hrepp.

Sveitarstjórn samþykktir að 51% eignarhluti í vatnsveitu Ketilsstaða og vatnsréttindi verði áfram í eigu sveitarfélagsins enda mögulegt að nýta veituna fyrir fleiri íbúðir en nú er.

Þórhildur kemur inn á fundinn.

3. Sjóvörn - bréf Siglingastofnunar dags. 11. janúar 2010.

Með bréfinu er tilkynnt að Alþingi hafi með fjárlögum ársins 2010 ákveðið að veita 100 m.kr. í gerð um 730 m. sjóvarnargarðs í Víkurfjöru vestan Víkurár. Samgönguráðnefnd hefur falið Siglingastofnun að bjóða út verkið með almennum fyrirvara um samþykki Alþingis á fjárveitingum og í útboðsgögnum verði gert ráð fyrir að greiðslur geti dreifst fram yfir áramótin 2011. Samkvæmt lögum nr. 28/1997 greiðir ríkissjóður allt að 7/8 hluta kostnaðar og sveitarfélagið 1/8 hluta. Með bréfinu fylgja teikningar sem sýna legu sjóvarnargarðs og kennisnið. Siglingastofnun óskar eftir að gengið verði úr skugga um að sjóvarnargarður og grjótnáma í Eystri-Sólheimahéið samrýmist skipulagi og óskar eftir heimild Mýrdalshrepps til að ráðast í gerð sjóvarnargarðsins.

Sveitarstjórn fagnar tímabærri ákvörðun Alþingis og minnir á að samkvæmt áætlunum Siglingastofnunar sem fram voru settar í skýrslu árið 1994 hefði átt að hefja varnaraðgerðir fyrir 1-2 árum eða jafnvel fyrr.

Í fundargerð skipulags- og byggingar-nefndar frá 20. janúar sl. kemur fram að sjóvarnargarður er ekki á gildandi aðal-skipulagi Víkur en gert sé ráð fyrir sjóvarnargarði og grjótnámu í tillögu að aðal-skipulagi Mýrdalshrepps. Vonir standa til að sveitarstjórn geti afgreitt aðalskipulagið frá sér í febrúarmánuði.

Á teikningu Siglingastofnunar kemur fram að sjóvarnargarður verði staðsettur í 20-30 m fjarlægð frá frjálsípróttavelli og fari yfir bæði þýska og enska minnismerk-ið. Ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir útsýnisþöllum, gönguleiðum, bakkavörnum og frárennslisútrás við Víkurá en mikill fjöldi ferðamanna leggja leið sína í Víkurfjöru ár hvert. Mýrdalshreppur hefur áður komið fram óskum um að tekið verði tillit til ofangreindra þátta við hönnun sjóvarnargarðsins m.a. á fundi í Siglingastofnun 30. september 2009.

Í nýrri greinargerð verkfræðistofunnar Mannvits sem unnin var fyrir Mýrdals-hrepp kemur m.a. fram það álit að Siglingastofnun og Vegagerðin hafi ekki metið nægjanlega heildstætt nýja veglínu og sjóvörn út frá þjóðhagslegum hagsmunum og hvor stofnunin um sig hafi horft til sinna þátta. Lagt er til að leitað verði allra leiða til að færa sjóvarnargarð utar en tillaga Siglingastofnunar gerir ráð fyrir. Það er í samræmi við sjónarmið Landgræðslunnar sem hefur haldið fram þeim sjónarmiðum að sjóvarnargarður þurfi að vera sem lengst frá byggðinni þan-nig að unnt verði að hemja sandrok sem óhjákvæmilega má eiga von á úr fjörunni við viss veðurskilyrði.

Sveitarstjórn fer fram á að Siglingastofnun og eftir atvikum Vegagerðin taki ofan-greind sjónarmið og greinargerð Mannvits til rækilegrar skoðunar og endurskoði legu sjóvarnargarðsins.

Einnig að í útboðsgögnum sé gert ráð fyrir öllum verkþáttum sem tengjast gerð sjóvarnargarðs eins og rakið er að ofan.

4. Refaveiðar - bréf Umhverfisstofnunar dags. 5. janúar 2010.

Með bréfinu er tilkynnt að stjórnvöld hafi fallið frá fyrri áformum um að hætta að endurgreiða sveitarfélögum framlag til veiðimanna vegna veiða á ref.

Lagt fram til kynningar.

5. Þjónustukort Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.

Sveitarstjórn samþykktir að taka þátt í útgáfu kortsins svo sem verið hefur.

6. Tilfærsla málefna fatlaðra, sameining sveitarfélaga - tölvubréf SASS dags. 18. janúar 2010.

Lagt fram til kynningar.

7. Kötlusetur.

Kynningarfundur verður haldinn í Leikskálum miðvikudaginn 3. febrúar kl. 20:00.

8. Þriggja ára áætlun 2011-2013, fyrri umræða.

Fyrir liggur til fyrri umræðu fjárhagsáætlun fyrir árin 2011 - 2013. Einnig drög að fjárhagsáætlun fyrir hitaveitu fyrir árin 2010-2020 og umsögn endurskoðenda Mýrdalshrepps um framkvæmdaáætlanir og fjárfestingar skv. fjárhagsáætlun 2010 og ofangreindum áætlunum og í samræmi við bókun á fundi 454.

Endurskoðendurnir telja að fyrirhugaðar fjárfestingar muni ekki hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu og rekstur sveitarfélagsins til lengri tíma.

Vísad til síðari umræðu.

9. Niðurfellingar.

Fært í trúnaðarbók.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 430. fundar stjórnar SASS frá 11. desember 2009.

2. Fundargerð 290. fundar stjórnar APS frá 13. janúar 2010.

3. Fundargerð 77. fundar héraðs-nefndar frá 21. desember 2009.

4. Fundargerð 40. fundar barna-verndarnefndar frá 25. nóvember 2009.

5. Fundargerð 41. fundar barna-verndarnefndar frá 16. desember 2009.

6. Fundargerð 4. fundar hættumats-nefndar frá 18. janúar 2010.

V. Annað kynningarefni

1. Bréf Samgöngu - og sveitarstjórnaráðuneytis dags. 12. janúar 2010.

2. Bréf menntamálaráðuneytis dags. 6. janúar 2010.

3. Bréf Náttúrustofu Vesturlands dags. 10. desember 2009.

4. Bréf jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 14. desember 2009.

5. Bréf Samkeppniseftirlitsins dags. 16. desember 2009.

6. Bréf Samkeppniseftirlitsins dags. 23. desember 2009.

Fundi slitið kl. 18:45

Þórhildur Jónsóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einaradóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

Aldrei frið ég öðlast má
auðnu svo ég hrósi.
Alltaf vakir einhver þrá
Eftir meira ljósi.

Höf: Kolbeinn Högnason

Allt þó sýnist blítt og bjart
blysum fyrir hvarma,
innra getur manni margt
megna vakið harma.

Höf: Kristján Jónsson Fjallaskáld